

136. löggjafarþing 2008–2009.
Þskj. 0 — 394. mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1477
komudagur 25.3.2009

Umsögn frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Oddnýju Harðardóttur frá Sveitarfélaginu Garði. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá ríkisskattstjóra.

Efnahags- og skattanefnd fékk málið sent frá iðnaðarnefnd til umsagnar með tölvupósti dags. 17. mars 2009.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til sammingsgerðar um álver í Helguvík og tilhögun skattlagningar vegna reksturs þess. Gert er ráð fyrir að almennar skattareglur gildi um starfsemina með tilteknum frávikum sem eiga að vera tæmandi talin og að mestu sambærileg þeim sem fram koma í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003. Á fundi nefndarinnar afhenti iðnaðarráðuneytið yfirlit þar sem fram kemur samanburður á heimildum til frávíka samkvæmt frumvarpinu við þær sem löggjafinn samþykkti með fyrrgreindum lögum vegna álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði.

Nefndin fjallaði um þann þátt frumvarpsins sem varðar skattlagningu vegna reksturs álvers í Helguvík, sbr. einkum 4. gr., og þær efnislegu ástæður sem standa til þess að veita einstökum atvinnugreinum skattaávilnanir. Komu m.a. fram athugasemdir um að ívilnanirnar þyrfti að skoða í ljósi sjónarmiða um jafna stöðu atvinnufyrirtækja, reglna EES-svæðisins um ríkisstyrki og þarfar Íslands fyrir erlenda fjárfestingu.

Nefndin ræddi sérstaklega um ákvæði a-liðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. þar sem fram kemur að tekjuskattur félagsins fari á samningstímanum ekki yfir 15% og ákvæði 8. tölul. þar sem kveðið er á um heimildir tveggja hlutaðeigandi sveitarfélaga til að semja um fyrirkomulag við álagningu fasteignaskatts.

Á fundum nefndarinnar komu fram sjónarmið um að skoða þyrfti skattaávilnanir í samhengi við tekjubörf ríkissjóðs á næstu árum og takmarkað svigrúm Alþingis til að breyta þeim eftir samþykkt frumvarpsins. Fram komu ábendingar um að skoða þyrfti samræmi umræddra sammingsheimilda sveitarfélaganna við ákvæði stjórnarskrár sem varða framsal skattlagningarvalds. Enn fremur kom fram ábending um að tilgangur 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. væri óljós.

Nefndin ræddi áhrif framkvæmdarinnar á íslenskan efnahag, einkum fyrir tekjur ríkis og sveitarfélaga og fyrir atvinnu í landinu. Nefndin ræddi mikilvægi framkvæmdarinnar fyrir atvinnustig á Suðurnesjum og suðvesturhorninu og þær jákvæðu breytingar sem það mundi hafa í för með sér. Kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaga á svæðinu að verulega jákvæð áhrif hlytust af byggingu álversins fyrir tekjustofna sveitarfélaga, húsnæðismarkaðinn og atvinnumarkaðinn almennt með margvíslegum jákvæðum hliðaráhrifum.

Efnahagsáföllin hafa haft neikvæð áhrif á mannvirkja- og þjónustugeira og mikill slaki hefur myndast í hagkerfinu og samdráttur er fyrirsjáanlegur. Almennt má reikna með að álversframkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið, sérstaklega atvinnu- og framleiðslustig. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að iðnaðarnefnd samþykki frumvarpið.

Gunnar Svavarsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykktur þessari umsögn.

Alþingi, 24. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form.,
Pétur H. Blöndal,
Ellert B. Schram,
Ólöf Nordal,
Helga Sigrún Harðardóttir,